



Skútustaðahreppur

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

27. september 2017 – Pistill nr. 19

Kæru Mývetningar nær og fjær. Haustið hefur verið annasamt en skemmtilegt að vanda í Skútustaðahreppi. Reykjahlíðarskóli farinn af stað, mikið um að vera hjá leikskólanum YI, félagsstarf eldri borgara komið á fullt og ýmislegt annað sem of langt mál er að telja upp hér. Starfsemi sveitarfélagsins er umfangsmikil og við erum að reyna að bæta þjónustuna. Tækifæri eru til úrbóta en við þurfum að gæta þess að efla innri starfsemina og hlúa vel að starfsfólkinu okkar. Sveitarfélag er ekkert annað en mannauðurinn sem þar lifir og starfar. Starfsfólk Skútustaðahrepps leggur sig fram um að gera vel og hefur nú sett sér gildi til þess að starfa eftir. Á sama hátt gerum við kröfur til annarra þjónustuveitenda, eins og ríkisins og einkaaðila.

Íbúum í Skútustaðahreppi fer fjölgandi. Á öðrum ársfjórðungi voru þeir um 460. Hér er mikill ferðamannastraumur. Því höfum við t.d. sett okkur í samband við Samkaup og óskað eftir breytingum á þjónustunni og skipulagi í kringum verslunina en þar ríkir sannkallað umferðaröngþveiti yfir sumarmánuðina. Myndin sem fylgir hér með er dæmi um það.

Við sem íbúar verðum að standa saman um að þrýsta á þá aðila sem bætt geta þjónustuna. Afar mikilvægt er í vaxandi sveitarfélagi eins og

Skútustaðahreppi að þeir séu vakandi fyrir óskum og þörfum viðskiptavina og bregðist skjótt við breyttum aðstæðum.



JAFNRÆÐI – JÁKVÆÐNI – TRAUST - VIRÐING

Á starfsmannadegi Skútustaðahrepps þann 12. september síðastliðinn vann starfsfólk sveitarfélagsins m.a. að því að setja gildi fyrir starfsemi sveitarfélagsins. Gildi endurspeglar það sem sveitarfélagið stendur fyrir, tengir starfsfólkið saman, endurspeglar megináherslur og það sem við viljum vera þekkt fyrir í okkar

starfsemi. Afrakstur þeirra vinnu var tillaga að eftirfarandi gildum:

Jafnræði - Við höfum jafnrétti, fjölbreytileika og samvinnu að leiðarljósi.

Jákvæðni - Við leggjum okkur fram um að vera lausnamiðuð, bjartsýn og glaðleg og stuðla þannig að vellíðan í samskiptum og samstarfi.

Traust - Við erum fagleg, heiðarleg og vandvirk í starfi.

Virðing - Við erum víðsýn og umburðarlynd og höfum að leiðarljósi gagnkvæma virðingu hvert fyrir öðru og náttúrunni.

Sveitarstjórn samþykkti tillöguna samhljóða og þakkar starfsfólki fyrir góða vinnu.

Þessi vinna er hluti af nýrri Mannauðsstefnu Skútustaðahrepps sem samþykkt var í sveitarstjórn í sumar. Gildi verða nú gerð áberandi í starfsemi sveitarfélagsins.



Samtakamáttur við frágang á leikskólalóð

Loksins loksins! Nú er frágangur á nýrri leikskólalóð langt kominn en leikskólabörnin fengu að fara inn á hana í fyrsta sinn síðasta föstudag. Búið er að setja ný leiktæki, malbika stíg og síðasta fimmtudag mættu foreldrar til að tyrfa og ganga frá undir öruggri leiðsögn Lárusar Björnssonar í áhaldahúsinu. Það voru því heldur betur kátir krakkar og starfsfólk sem mættu í leikskólann á föstudeginum. Jafnframt er búið að taka nýju viðbygginguna á

leikskólanum í notkun en það var gert þennan sama dag. Viðbyggingin auðveldar allt starf og skipulag leikskólans.

Nú er verið að setja niður ný leiktæki á grunnskólalóðinni ásamt nýrri hjólabraut. Gömlu leiktækin voru fjarlægð þar sem þau uppfylltu ekki öryggiskröfur.



Heilsueflandi dagur 7. október – Ýmislegt um að vera í íþróttamiðstöðinni

Takið laugardaginn 7. október frá en þá verður Heilsueflandi dagur í Skútustaðastaðahreppi í tilefni þess að við erum HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG. Þann dag verður ýmislegt í gangi í íþróttamiðstöðinni. Davíð Kristinsson heilsupjálfi verður á staðnum til að aðstoða og leiðbeina í þreksal. Tilboð verða á árskortum í ræktina og heilsugæslan verður með mælingar á staðnum. Nánar auglýst í næstu viku.

Niðurskurði til Náttúrustofu Norðausturlands mótmælt

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs er gert ráð fyrir tæplega 38% niðurskurði á fjárveitingum ríkisins til Náttúrustofu Norðausturlands. Starfsemi Náttúrustofunnar hefur verið burðarstólpi í náttúrufarsrannsóknnum í Þingeyjarsýslum í heild sinni, en á meðal verkefna hafa verið rannsóknir á lífríki Mývatns.

Þessi niðurskurður kemur án nokkurs fyrirvara eða samráðs við Náttúrustofuna eða sveitarfélögin Skútustaðahrepp og Norðurþing sem reka Náttúrustofuna í samstarfi við ríkið skv. lögum nr. 60/1992, m.s.br. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps mótmælir harðlega boðuðum niðurskurði og ekki síst vinnubrögðunum sem setja starfsemi Náttúrustofu Norðausturlands í uppnám en þar starfa nú fimm manns. Það samræmist ekki gildandi samningi milli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Náttúrustofunnar um vöktunarrannsóknir í Þingeyjarsýslum sem á uppruna sinn í sértækum aðgerðum forsætisráðuneytisins árið 2008 til að efla byggð og samfélag á Norðurlandi eystra. Ef ekkert verður að gert við að leiðrétta fram komna tillögu blasa við uppsagnir starfsfólks og faglegt starf stofunnar sett í algjört uppnám.



Fróðlegur íbúafundur um fráveitumál

Vel var mætt á almennan íbúafund um stöðu fráveitumála í Mývatnssveit sem haldinn var fimmtudaginn 14. september s.l. í Reykjahlíðarskóla. Þar var farið yfir umbótaáætlun sveitarfélagsins og rekstraraðila, hreinistöð í Reykjahlíð, stöðuna á viðræðum við ríkisvaldið o.fl. Framsögumenn á fundinum voru Reynir Sævarsson frá verkfræðistofunni EFLU og Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri. Fundarstjóri var Helgi Héðinsson. Fundurinn

var hinn fróðlegasti og í lok hans svöruðu Reynir, Þorsteinn og Helgi fjölmörgum spurningum sem brunnu á íbúum vegna fráveitumálanna sem hafa sannarlega verið í brennidepli undanfarin misseri. Núna er staðan sú að samningaviðræður við ríkið um aðkomu þess varðandi fjármögnun er í biðstöðu í kjölfar þess að ríkisstjórnin sprakk þetta sama kvöld og fráveitufundurinn fór fram. Sveitarstjórn átti bókaðan fund með umhverfisráðherra og fjármálaráðherra í síðustu viku en fundurinn var flautaður af. Engu að síður vinnur sveitarstjórn eftir þeirri umbótaáætlun sem lögð var fram í sumar þrátt fyrir að Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra hafi hafnað henni á þeim forsendum að hún hafi ekki verið fjármögnuð.



Vel mætt hjá eldri borgurum

Fyrsta samverustund eldri borgara þetta haustið var í síðustu viku í nýrri aðstöðu í íþróttamiðstöðinni. Mætingin var mjög góð enda ekki annað hægt þegar snillingar á borð við Dísu og Ástu sjá um starf eldri borgara í vetur. Byrjað var á því að fara í leikfimi hjá Ástu og síðan fóru flestir í mat í skólanum. Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri heilsaði upp á eldri borgarana og smelti þessari mynd af hópnum.

Enn er verið að gera aðstöðuna huggulega, meðal annars á eftir að setja gluggatjöld og fleira.

Fram undan er skemmtilegur vetur hjá eldri borgurum. Boðið er upp á ókeypis akstur.



Af málefnum Hótel Reykjahlíðar

Málefni Hótel Reykjahlíðar hafa ekki farið fram hjá nokkrum Mývetningi undanfarin misseri og sitt sýnist hverjum. Meðal annars barst undirskriftalisti í fyrrasumar með mótmælum yfir 200 íbúa (sjá frétt hér:

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/07/12/hafna_nyju_hoteli_vid_myvatn/).

Rétt er að taka fram í ljósi umræðna og fyrirspurna að málið er í biðstöðu og sveitarfélagið hefur ekki fjallað um efnisatriði þar sem málið hefur verið í kærufarli af hálfu Flugleiðahótela. Það síðasta er að Flugleiðahótel kærðu málsmeðferðina til Umboðsmanns Alþingis.

Hér verður gerð tilraun til þess að reyna að fara yfir stöðu málsins á sem einfaldastan hátt en hún er nokkuð flókin:

Á síðasta fundi skipulagsnefndar var tekið fyrir bréf frá Fjöreggi þar sem fram kemur áskorun um að synjað verði um breytingar á

aðalskipulagi Skútustaðahrepps vegna fyrirhugaðar framkvæmdar Flugleiðahótela ehf. við Hótel Reykjahlíð.

Vegna bréfsins áréttaði skipulagsnefnd að sveitarfélagið hefur ekki fjallað um efnisleg atriði aðalskipulagstillögunnar eftir að athugasemdir Skipulagsstofnunar, dags. 8. ágúst 2016, bárust. Í ljósi þeirra athugasemda var óskað eftir umsögn Umhverfisstofnunar, sem er dagsett 27. október 2016. Skútustaðahreppur fékk upplýsingar um að umsögnin var borin undir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála af Flugleiðahótelum ehf. Úrskurður var kveðinn upp þann 2. maí 2017, þar sem málinu var vísað frá nefndinni. Samkvæmt upplýsingum Skútustaðahrepps, hafa Flugleiðahótel ehf. óskað eftir álit umboðsmanns Alþingis vegna málsins. Ekki hefur þótt tímabært að taka málið til frekari málsmeðferðar hjá Skútustaðahreppi í ljósi ofangreinds. Þegar að því kemur verður fjallað um stöðu málsins og mögulegt framhald þess í ljósi gagna og erinda sem hafa borist sveitarfélaginu.

Hér er tímalína málsins eftir að tillaga að breytingu aðalskipulags Skútustaðahrepps vegna Hótel Reykjahlíðar, var til umfjöllunar fyrst þann 29. júní 2016.

29. júní 2016. Tillaga að aðalskipulagsbreytingu vegna Hótel Reykjahlíðar samþykkt til auglýsingar af sveitarstjórn, að lokinni athugun Skipulagsstofnunar.

6. júlí 2016. Aðalskipulagstillaga v/Hótel Reykjahlíðar send til athugunar Skipulagsstofnunar.

12. júlí 2016. Undirskriftarlista yfir 200 íbúa vegna mótmæla við Skipulagstillögu skilað til Skútustaðahrepps.

8. ágúst 2016. Athugasemdir Skipulagsstofnunar settar fram. M.a. bent á að umsögn Umhverfisstofnunar liggi ekki fyrir, en stofnunin hafi aðeins veitt umsögn á lýsingu fyrir skipulagsverkefnið 13. ágúst 2015. Skipulagsstofnun kynnir að stofnunin geti ekki

tekið afstöðu til tillögunnar án umsagnar Umhverfisstofnunar. Fleiri athugasemdir Skipulagsstofnunar settar fram.

5. september 2016. Skútustaðahreppur óskar umsagnar Umhverfisstofnunar um aðalskipulagstillögu.

27. október 2016. Umsögn Umhverfisstofnunar. Þar kynnt að Umhverfisstofnun fallist ekki á skipulagstillöguna. Áréttað að stofnunin þurfi að veita leyfi og að ekki sé gert ráð fyrir svo mikilli uppbyggingu innan verndarsvæði í 50 metra fjarlægð frá Mývatni.

28. nóvember 2016. Flugleiðahótel ehf. kæra „ákvörðun“ Umhverfisstofnunar að fallast ekki á tillögu að breytingu á Aðalskipulagi, til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál.

2. maí 2017. Úrskurðarnefnd auðlinda- og umhverfismála kveður upp úrskurð, þar sem kæru Flugleiðahótela ehf. er vísað frá nefndinni. Forsendur þess eru að ekki hafi verið um að ræða endanlega afstöðu, þ.e. ákvörðun, um leyfisveitingu vegna stækkunar Hótel Reykjahlíðar, heldur hafi verið um að ræða afstöðu, þótt neikvæð væri, með tilliti til fyrirliggjandi gagna.

Sumar 2017. Flugleiðahótel ehf. hefur borið afgreiðslu UUA undir umboðsmann Alþingis, til þess að fá fram álit hans á því hvort UUA hafi starfað í samræmi við lög.

Þarna er málið stöð og því rétt að ítreka að sveitarstjórn hefur aldrei tekið efnislega afstöðu til málsins heldur hefur það verið í lögbundnu ferli til þessa.

Því liggur fyrir að bíða með efnislega umfjöllun og frekari málsmeðferð, þar til álit umboðsmanns Alþingis liggur fyrir og eftir atvikum viðbrögð Umhverfisstofnunar, Flugleiðahótela ehf. og annarra við því.

Umhverfisverðlaun 2017

Nú er komið að því að auglýsa eftir tilnefningum fyrir árið 2017. Verðlaunin eru veitt íbúum sveitarinnar sem hafa breytt og bætt sitt nærumhverfi, til eftirbreytni og fyrirmyndar fyrir sveitafélagið í heild.

Biðjum við ykkur að horfa í kringum ykkur og senda til okkar tilnefningar með rökstuðningi afhverju viðkomandi ætti að hljóta viðurkenningu.

Ábendingar má senda á arnhran@gmail.com eða skila inn á hreppskrifstofu fyrir 12. okt.

HRÓS DAGSINS...

fá eldri borgarar í Mývatnssveit sem hafa byrjað vetrarstarfið af krafti. Góð mæting hefur verið í fyrstu stundina í íþróttahúsinu.

Síðasta lýðheilsugangan

Síðustu þrjá miðvikudaga hefur Ferðafélag Íslands staðið fyrir skemmtilegum lýðheilsugöngum í Skútustaðahreppi. Í dag er komið að síðustu göngunni en að þessu sinni er gengið upp á Vindbelgjarfjall sem er móbergshnjúkur (529 m) sem stendur stakur. Fjallið er lítil gosmyndun undan ísaldarjökli sem líklega hvarf af landinu fyrir um það bil 10 þúsund árum.

Göngustjórar eru Jóhanna Jóhannesdóttir og Soffía Björnsdóttir. Lýðheilsugöngurnar eru skemmtileg viðbót í septembermánuði.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi að undanförunu og má þar nefna hjá almannavarnanefnd, sendinefnd frá Svíþjóð, Landsneti, stjórn FMÝ, Vatnajökulspjóðgarði og margt fleira. Sem fyrr er hér er stiklað á stóru. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda.

Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri